



Fundargerð 5. fundar notendahóps greiningaraðila

Fundurinn var haldinn hjá Hagstofu Íslands þriðjudaginn 26. september 2017 milli 10:00 og 11:00.

Notendur sem mættu á fundinn voru:

Greiningaraðilar	Nafn
Arion banki	Valdís Gunnarsdóttir
Fjármálaráðuneytið	Anna B. Olsen
Hagstofa Íslands – Þjóðhagsspá	Marínó Melsted
Samtök atvinnulífsins	Ólafur Garðar Halldórsson
Seðlabanki Íslands	Hörður Garðarsson

Fulltrúar frá Analytica, ASÍ, Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, Íslandsbanka, og Landsbankanum, voru einnig boðaðir.

Á fundinum voru eftirfarandi Hagstofustarfsmenn:

Frá Hagstofu Íslands	Staða
Auður Ó. Svavarsdóttir	Deildarstjóri – Utanríkisverslun
Böðvar Þórisson	Sviðsstjóri – Fyrirtækjasvið
Jón Ævarr Sigurbjörnsson	Sérfræðingur – Þjóðhagsreikningar
Hrafnhildur Arnkelsdóttir	Sviðsstjóri – Félagsmálasvið
Magnús Kári Bergmann	Deildarstjóri - Fyrirtækjatölfræði
Margrét K. Indriðadóttir	Deildarstjóri – Laun, tekjur og menntun
Reynir Kristjánsson	Gæðastjóri
Tryggvi Björgvinsson	Deildarstjóri – Upplýsingatækni og miðlun

Fundarstjóri var Reynir Kristjánsson.

Dagskrá

1. Staða umbótaverkefna
2. Umbótahugmyndir og forgangsröðun

Fundargerð

1. Byrjað var á að fara örstutt yfir stöðu umbótaverkefna og sagt frá því að búið er að birta atvinnuvegafjárfestingu sem brotin er niður í almenna, stóriðju, skip og flugvélar. Verið er að vinna í að samræma sniðmát taflna og útbúa vörukörfuviðmót. Könnun á lausum störfum gæti orðið að veruleika á næsta ári ef fjármögnun gengur eftir (erum að bíða eftir að fjárlög verði samþykkt). Nánar um stöðu umbótaverkefna má sjá í fundargerð 4. fundar sem var stöðutökufundur og var haldinn í maí síðastliðnum.

2. Notendur voru beðnir um að svara spurningunni „Hvað þarf Hagstofan að bæta?“ og þegar allar umbótahugmyndir höfðu komið fram var þeim forgangsraðað. Niðurstöður eru eftirfarandi (tölurnar segja til um fjölda atkvæða sem notendur gáfu hverri umbótahugmynd, þeim fleiri atkvæði þeim mikilvægara að bæta):

6 Birta kortaveltu niður á ISAT-númer.

5 Birta smásöluvísitölu (eins og Bifröst var með en hætti þegar Hagar drógu sig út úr samstarfinu).

5 Birta wealth gini.

5 Auka niðurbrot launatölfræði (störf fyrir launþegahópa).

5 Birta launakostnaðartölur.

5 Meira niðurbrot í tekjutölfræði (t.d. brjóta atvinnutekjur niður í laun, reiknað endurgjald, tekjur erlendis o.s.frv.).

3 Að hægt verði að sækja samtölur mánaðar-, ársfjórðungs-, og árs í sama glugga (t.d. VLF).

2 Útskýringar á reikniaðferðum (einkum varðandi staðvirðingu).

2 PX-vefur fer of langt til baka þegar maður ýtir á „back“ + ekki hægt að opna mörg excel-skjöl í sama kafla.

1 Birta gögn sem unnin eru fyrir erlendar stofnanir.

1 Samfella í birtingu (t.d. mennta-gögn).

0 ISCO08

0 Launagögn aftur í tímann (tengja töflur).

Fundarmönnum var þökkun þátttakan og fundi slitið.